

Landsvirkjun
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

7. febrúar 2025
202501-0131/P.V.B.
10.01.01

Efni: Leyf til rannsókna Viðey í Þjórsá

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Landsvirkjunar, dagsett 19. desember 2024, um leyfi fyrir rannsóknaraðila til að fara í landi í Viðey í Þjórsá.

Viðey er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 850/2011](#). Óheimilt er að spilla náttúrulegu gróðurfari í Viðey, trufla dýralíf eða spilla öðrum náttúruminum í friðlandinu. Vernda skal náttúrulegt gróðurfar, tryggja að ekki sé raskað líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi eru óheimilar nema með leyfi landeigenda, Náttúruverndarstofnunar og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslaga, nr. 850 24. ágúst 2011 nr. 123/2010. Allt jarðrask sem truflað getur vistkerfiseiginleika svæðisins er þó óheimilt. Öðrum en landeigendum er óheimilt að fara í land í Viðey nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar til rannsókna, vöktunar og eftirlits.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að fara í Viðey vegna rannsókna á gróðurfari og jarðvegi. Um er að ræða 3 ferðir og í hverri ferð yrðu 2-5 rannsóknaraðilar. Með umsókn fylgdi með vöktunaráætlun og nákvæm lýsing á hvaða þætti ætti að rannsaka og aðferðarfræði. Fyrsta ferðin yrði farin í apríl eða maí 2025 til að velja og setja út sex föst mælisnið og koma fyrir jarðvegssíritum við 4-5 vöktunarreiti. Athuganir í eyjunni færu fram ein dag í júlí eða ágúst 2025 og dróna flogið yfir svæðið vegna kortlagningar á sama tíma. Sumarið 2026 yrði farið einn dag út í eyjuna til að lesa af jarðvegssíritunum. Rannsóknin yrði unnin af Náttúrufræðistofnun.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur ferðirnar út í Viðey ekki til þess fallnar að hafa neikvæð áhrif á vernargildi svæðisins og náttúrufar. Tilgangur ferðana er í samræmi við þær heimildir sem stofnunin hefur til að veita leyfi til að fara þar í land.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Náttúrufræðistofnun fyrir hönd Landsvirkjunar fyrir sitt leyti leyfi fyrir því að fara út í Viðey til að sinna þar rannsóknum sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 31. desember 2026 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Náttúruverndarstofnun

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan dvalið er í eyjunni og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær farið verður út í eyjuna með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð rannsóknarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Rannsóknaraðilar skulu vera auðkenndir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Fararleyfið út í eyjuna er einungins bundið við þá aðila sem koma að rannsóknunum.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Viðey.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá drónana hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu.

Náttúruverndarstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds ef þess verður óskað af hálfu stofnunarinnar.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi, viðburði, rannsóknir og athafnir er kr. **62.400**. sbr. 29. gr. a. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Náttúruverndarstofnun

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Daníel Freyr Jónsson
svæðissérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur